

Reglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu (RÚV)

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fræðsluefni og er vettvangur umræðna og skoðanaskipta, eins og kveðið er á um í lögum um Ríkisútvarpið, nr. 23/2013 og í þjónustusamningi þess og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. RÚV skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal einnig veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttabjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.

Útvarpsstjóri setur starfsmönnum RÚV, sem vinna að fréttaskrifum, fréttaflutningi og tengdu dagskrárefni, eftirfarandi reglur:

1. Ríkisútvarpið flytur fréttir og efni tengt þeim af innlendum og erlendum vettvangi og fréttaskýringar sem það telur eiga erindi við almenning. Nákvæmni, hraði og samhengi eru meginásar í fréttaflutningi samtímans þar sem tækniþróun og breytingar eru örur. Hraði má þó hvorki vera á kostnað nákvæmni né tillitssemi. Frétta- og dagskrárgerðarmenn skulu vanda mál sitt og framsetningu fréttar og annars dagskrárefnis.
2. Fréttir og tengt efni skal flutt af sanngirni og óhlutdrægni. Leita skal eftir fremsta megni að draga upp heildstæða og sanngjarna mynd, afla upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og leitast við að kynna sjónarmið þeirra sem jafnast. Frétta- og dagskrárgerðarmenn mega ekki láta persónulegar skoðanir sínar eða hagsmuni hafa áhrif á störf sín. Frétta- og dagskrárgerðarmenn taka ekki þátt í starfi stjórnmalafélaga eða samtaka. Þátttaka í annars konar hagsmunasamtökum skal vera með vitund fréttar- og dagskrárstjóra. Fréttamenn opinbera ekki skoðanir sínar á viðkvæmum álitamálum.
3. Frétta- og dagskrárgerðarmenn skulu jafnan gæta þess, að heimildir séu sem fyllstar og áreiðanlegastar. Virða ber trúnað við heimildarmenn, bæði að því er varðar nafnleynd þeirra og trúnaðarupplýsingar. Birting upplýsinga í öðrum fjölmiðlum leysir fréttar- og dagskrárgerðarmenn ekki undan kvöð um gagnrýnið mat á þeim upplýsingum.
4. Frétta- og dagskrárgerðarmönnum ber að vera á verði gagnvart hverskyns tilraunum heimildarmanna eða annarra til að hafa áhrif á vinnslu fréttar og tengds efnis. Þá skulu þeir jafnframt vera á verði gagnvart hugsanlegum tengslum milli veittra upplýsinga og hagsmuna heimildarmanna.
5. Frétta- og dagskrárgerðarmenn mega ekki mismuna eða hvetja til fordóma, til dæmis á grundvelli kynþáttar, kyns, kynferðis, þjóðernis, trúar eða kynhneigðar.
6. Frétta- og dagskrárgerðarmönnum ber að sýna fyllstu tillitssemi í viðkvæmum málum. Þeim ber að gæta þess að valda ekki saklausu fólki eða þeim sem eiga um sárt að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu. Eigi efnið brýnt erindi við almenning skal fréttamat látið ráða.
7. Í umfjöllun um sakamál skal virt sú meginregla að hver maður skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Sérstaklega skal gætt að nafn- og myndbirtingu manna sem grunaðir eru um brot eða taldir eru tengjast brotum.

8. Beinar auglýsingar mega ekki birtast í fréttum og fréttatímum. Varast skal óbeinar auglýsingar í fréttum og öðru dagskrárefni. Öllum sem lúta eiga þessum reglum er óheimilt að taka þátt í auglýsingum, kynningar- eða almannatengslastarfi fyrir aðra en RÚV.
9. Óheimilt er að útvarpa án leyfis hlutaðeigandi, ummælum sem eru hljóð- eða myndrituð án vitundar þess sem lætur þau falla. Þetta gildir ekki ef ummælin eru viðhöfð á vettvangi þar sem almennt má vænta að tilheyrendur séu.

Fréttastjóri/dagskrárstjóri getur leyft birtingu á upptökum, sem gerðar eru án vitundar hlutaðeigandi og án samþykkis hans, telji hann að upplýsingaréttur almennings krefjist þess og þá hagsmuni ríkari en friðhelgi einkalífs hlutaðeigandi.

10. Gæta skal þess þegar viðtöl eða önnur ummæli manna eru styttn í vinnslu fréttar og tengds efnis eða endursögð, að þau slitni ekki úr samhengi og verði óljós eða villandi. Við val fréttamynda skal þess gætt að þær gefi sem sannasta mynd af atvikum. Tillitssemi skal viðhöfð við myndbirtingar. Sama regla gildir um hvers konar hljóðnotkun.
11. Leiðréttá skal ranghermi undanbragðalaust. Leiðréttingu skal birta svo fljótt sem auðið er og leitast við að birta hana í sambærilegum miðli eða á sama stað í dagskrá. Athugasemdir og kvartanir vegna umfjöllunar í fréttum eða fréttatengdum þáttum RÚV skal beint til viðkomandi fréttar- eða dagskrárgerðarmanna. Þetta skal gerast með skriflegum hætti og innan fjögurra vikna frá miðlun efnis. Ef úrlausn fæst ekki eftir þeirri leið er hægt að beina málinu til fréttastjóra, samanber „Reglur RÚV um meðferð athugasemda, ábendinga og kvartana“. Einnig er vakin athygli á Siðareglum starfsmanna RÚV.
12. RÚV og fréttastofa þess er hluti af almannavarnakerfi landsmanna. RÚV er skylt að koma á framfæri tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, Veðurstofu Íslands, slysavarnafélögum eða hjálparsevitum ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.
13. Fréttastofa og dagskrárdeildir RÚV eru sjálfstæðar ritstjórnir. Eiganda RÚV og stjórn þess er óheimilt að hlutast til um fréttaflutning eða aðra dagskrá.

Ríkisútvarpinu, 1. júní 2016

Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri